

ABS 2006-42-35



Frister & Rossmann saumavél

Sennilega teg. E Cleopatra

Framl.nr. 1.650.526

Árgerð 1923

Frister & Rossmann var stærsta saumavélaverksmiðja Þýskalands frá árinu 1864 og fram til 1903 og hafði um aldamótin 1900 framleitt um 1 milljón saumavéla. Fyrstu vélar sem þeir framleiddu voru vélar af tegundunum Wheeler & Wilson og Willcox & Gibbs og voru framleiddar samkvæmt leyfum frá þeim framleiðendum. Nokkru seinna framleiddu þeir svo vélar eins og Singer 12 og sennilega einnig samkvæmt leyfi frá Singer. Árið 1924 hætti verksmiðjan og ári seinna keypti saumavélaframleiðandinn Gritzner Kayser í Karlsruhe réttinn til að mega framleiða vélar undir nafni Frister & Rossmann. Það var svo árið 1963 að Pfaff yfirtók Gritzner Kayser verksmiðjurnar og framleiddu þar allar sínar heimilis saumavélar, en hélt áfram að framleiða iðnaðarsaumavélar sínar í Kaiserslautern.